

## Stjórnarfundur Prentsöguseturs 11.03.23

**Fundarstaður:** Bókasafnið Gerðubergi, 111 Rvk. **Fundartími:** 11:00

**Mætt:** Haukur Már Haraldsson, Ágúst Guðjónsson, Grímur Kolbeinsson, Hjörtur Guðnason, Heimir Örn Gunnarsson og Katrín Jónsdóttir.

**Forföll:** Tryggvi Þór Agnarsson.

### Dagskrá fundar:

1. Undirbúningur aðalfundar
2. Önnur mál

#### 1. Undirbúningur aðalfundar

Það eru komnir þrjú nýjir frambjóðendur: Ævar Rafn Kjartansson, Díana Sigurfinnsdóttir og Jón Trausti Harðarson. Tveir til viðbótar liggja undir felldi og velta fyrir sér framboði.

Haukur Már Haraldsson formaður og Heimir Örn Gunnarsson varaformaður hafa tilkynnt að þeir ætli ekki að bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Lagt var til að tala við Georg Pál Skúlason til að sjá um fundarstjórn aðalfundar og Þóru Elfu Björnsson sem fundarritara.

#### 2. Önnur mál

- a. Haukur Már lagði til tvær breytingar í lögum félagsins.
  1. Taka út lið 9. Kostning spjaldskrárritara sem er í 8. gr. Aðalfundur.
  2. Að fella niður 13 gr. Ákvæði til bráðabrigða.

*13. gr. Ákvæði til bráðabrigða*

*Prentsögusetur sér um rekstur Gömlu prentsmiðjunnar að Laugavegi 29b.*

*Aðalfundur Prentsöguseturs skipar 6 manna framkvæmdastjórn er hafi umsjón með daglegum rekstri Gömlu prentsmiðjunnar. Tekjur Gömlu prentsmiðjunnar skulu renna til Prentsöguseturs.*

Fundi slitið 11:39

Katrín Jónsdóttir, ritaði.